



Landssamband æskulýðsfélaga

15. fundur framkvæmdastjórnar 2008 – 2009

Haldin á skrifstofu LÆF, Hinu Húsinu

19. mars 2009

Mættir: Jón Þorsteinn Sigurðsson (JPS), Sindri Snær Einarsson (SSE) og Pálína Björk Matthíasdóttir (PBM). Auk þess sat Hildur Tryggvadóttir Flóvenz framkvæmdastjóri fundinn. Forföll boðaði Rakel Brynjólfsdóttir (RB).

Fundur settur: 19:23

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

1. Fundargerð s.l. fundar lesin upp og samþykkt

JPS fór yfir ákvarðanir síðasta fundar og var fundargerðin samþykkt án athugasemda að því loknu.

2. Fundartími stjórnar LÆF

JPS lagði til að reynt yrði að finna fastan fundartíma stjórnarinnar. Það gekk ekki enn sem komið er. Ákveðið að næstu fundir yrðu haldnir 27. mars og 17. apríl kl. 11:00 á BSÍ eða í HH.

3. Fundarsköp LÆF stjórnar

JPS fór yfir tillögu að fundarsköpum fyrir stjórn LÆF. Eftir nokkrar umræður var tillagan samþykkt með eftirfarandi breytingum: Liður 5.-9. falla út. Í 1.mgr. 4.gr skiptast orðin *les ritari upp* út fyrir orðin *fer ritari yfir*. Við titil fundarskapan bætist orðið *framkvæmdastjórnar* milli orðanna *fundarsköp* og *Landsambands*. Í 11.grein breytast dagsetningar og orðalag. Upphaflega tillagan og fundarsköpin eins og þau voru samþykkt fylgja með þessari fundargerð.

4. Framkvæmdastjóri LÆF

HTF lagði fram tillögu þess efnis að LÆF myndi gera könnun meðal aðildafélaga sinna um ýmislegt í starfsemi LÆF. Var það samþykkt og HTF falið að gera uppkast að könnun og senda stjórnarmönnum. SSE benti á að gaman væri að gera könnun árlega til að hafa samanburð.

HTF lagði fram tillögu að LÆF skoðaði að koma á fót æskulýðsmiðstöð. Nánar um hugmyndina er að finna í viðhenginu Æskulýðsmiðstöð Íslands. Miklar umræðu spruttust um hugmyndina. Ákveðið að halda áfram að skoða möguleikann. HTF falið að vinna hugmyndina áfram og finna mögulegan sjálfbóðaliða til að vinna viðskiptaáætlun fyrir æskulýðsmiðstöð.

HTF lagði fram tillögu að nýju verkefni sem fellst í átaki meðal atvinnurekenda og fagfélaga um viðukenningu á sjálfböðnu starfi. Nánar um hugmyndina er að finna í

viðhenginu Viðurkenning sjálfbodinsstarfs – áttak meðal atvinnurekenda og fagfélaga. Hugmyndin féll í góðan jarðveg og HTF falið að halda áfram að vinna að verkefninu og reyna kom því á fót.

5. Laganeftnd

HTF sagði frá því að einn væri komin í laganeftnd en enn vantaði annan aðila. Auglýst var aftur á póftlisa í dag.

6. YFJ

HTF sagði frá því að niðustaða væri komin frá stjórn YFJ um hverjir munu sitja í vinnuhópum YFJ til 2010. Hvorug af þeim sem LÆF tilnefndi fékk sæti.

7. Alþjóðamál

HTF sagði stuttlega frá ferð sinni á ráðstefnu tékknesku formennskunnar í Ráðherraráði Evrópusambandsins um hreyfanleika sjálfbodaliða en benti annars stjórnarmönnum á að lesa skýrslu sem fylgdi í fundargögnum.

PBM sagði frá ráðstefnu sem hún sótti í St. Pétursborg sem haldin var af Norrænaráði. Ráðstefnan gekk mjög vel og komu fram nokkrar hugmyndir og gott tengslanet.

HTF lagði fyrir lagabreytingartillögur á lögum YFJ sem NordicBaltic hópurinn hyggst leggja sameiginlega fyrir. Samþykkt að LÆF gæti stutt þær tillögur sem komnar væru.

HTF sagði frá því að vinna yrði samantekt á verkefnum LÆF síðast árið fyrir næsta NBKM. HTF falið að gera það.

8. Sambandsþing LÆF

HTF sagði frá því að bókhaldið verði líklega tilbúið í næstu viku og að uppkast að bréfi með fundarboðið á Sambandsþing væri tilbúið.

HTF spurði hvernig ætti að standa að kjörneftnd sem ákveðið var að skipa á síðasta fundi. HTF falið að vinna erindsbréf og auglýsa í nefndina.

9. Bréf og önnur skjöl sem borist hafa og þarfnast afgreiðslu

Enginn.

10. Önnur mál

- a) PBM spurði hvort svar væri komið frá Evrópu unga fólksins um umsókn okkar þar fyrir samstarfsverkefni með Unicef. HTF svaraði að ekki væri komin niðurstafa.
- b) SSE sagði frá því að Menntamálaráðherra hefur skipað hann í skólaneftnd Verkemenntaskólans á Austurlandi.
- c) JPS spurði SSE hvort eitthvað væri að fréttu úr Æskulýðsráði. SSE sagði að verið væri að vinna að viðarmiklum skýrslum sem hann mun senda stjórn.

Fleira var ekki rätt og fundi slitið kl. 20:42

Fundargerð ritaði:

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz

Fundarsköp framkvæmdastjórnar Landsambands æskulýðsfélaga

Fundir Landsambansi æskulýðsfélaga (LÆF) skulu haldnir samkvæmt lögum þess og að öðru leyti samkvæmt eftirfarandi fundarsköpum.

1. gr.

Fundur er löglega boðaður ef til hans er boðaða með tölvupósti 5 virkum dögum áður en hann á að fara fram. Skal dagskrá fundarins ásamt þeim fundargögnum sem leggja á fyrir fundinn fylgja fundarboði. Einnig skal senda út áminningu um fundinn sólarhring fyrir fund til stjórnarmanna.

2. gr.

Hafi fundur verið löglega boðaður og sé fundarfært að lögum, og hálf stund liðin frá því að fundur átti að hefjast samkvæmt fundarboði, þá má fundurinn, sé formaður ekki kominn eða varaformaður, kjósa sér fundarstjóra, er setur fund og stýrir honum þangað til annar hvor hinna kemur. Sé ritari ekki mættur, þegar fundur er settur, skipar fundarstjóri ritara, er gegnir störfum þar til ritari kemur.

3. gr.

Þegar eftir fundarsetningu les fundarstjóri upp dagskrá fundarins.

4. gr.

Eftir birtingu dagskrár, fer ritari yfir fundargerð síðasta fundar, sé hún á fundinum, og skal fundarstjóri leita úrskurðar fundarins um hana. Séu samþykktar breytingar á henni, skal geta þeirra í næstu fundargerð.

5. gr.

Um gildi atkvæðagreiðslu um mál fer samkvæmt lögum félagsins.

6. gr.

Reglur þessar voru samþykktar af framkvæmdastjórn LÆF 19. mars 2009.

f.h. stjórnar,
Jón Þorsteinn Sigurðsson